

Vörusala á 4F jókst um 15% og hagnaður nam 724 m.kr.

Ársuppgjör Haga hf. og uppgjör 4. ársfjórðungs 2021/22

Ársreikningur Haga hf. fyrir rekstrarárið 2021/22 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 28. apríl 2022. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2021 til 28. febrúar 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og viðeigandi ákvæði laga um ársreikninga. Endurskoðendur félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf., hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun.

Helstu lykiltölur

- **Vörusala** 4F nam 35.288 m.kr. (15,2% vöxtur frá 4F 2020/21). Vörusala 12M nam 135.758 m.kr. (13,5% vöxtur frá 12M 2020/21). [4F 2020/21: 30.630 m.kr., 12M 2020/2021: 119.582 m.kr.]
- **Framlegð** 4F nam 7.292 m.kr. (20,7%) og 28.441 m.kr. (20,9%) fyrir 12M. [4F 2020/21: 7.024 m.kr. (22,9%), 12M 2020/2021: 26.515 m.kr. (22,2%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 4F nam 2.442 m.kr. eða 6,9% af veltu. EBITDA 12M nam 10.518 m.kr. eða 7,7% af veltu. [4F 2020/21: 2.542 m.kr. (8,3%), 12M 2020/21: 8.805 m.kr. (7,4%)]
- **Hagnaður** 4F nam 724 m.kr. eða 2,1% af veltu. Hagnaður 12M nam 4.001 m.kr. eða 2,9% af veltu. [4F 2020/21: 846 m.kr. (2,8%), 12M 2020/21: 2.519 m.kr. (2,1%)]
- **Grunnhagnaður á hlut** 4F var 0,63 kr. og 3,47 kr. fyrir 12M. [4F 2020/21: 0,73 kr., 12M 2020/21: 2,15 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 4F var 0,61 kr. og 3,43 kr. fyrir 12M. [4F 2020/21: 0,73 kr., 12M 2020/21: 2,15 kr.]
- **Eigið fé** nam 26.726 m.kr. í lok árs og **eiginfjárlutfall** 41,0%. [Árslok 2020/21: 25.187 m.kr. og 40,9%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2021/22, sem uppfærð var í nóvember sl., gerði ráð fyrir að EBITDA yrði 10.000-10.500 m.kr. að meðtöldum hagnaði af sölu rekstrareininga.

Helstu fréttir af starfseminni

- **Síðasti ársfjórðungur rekstrarársins 2021/22 gekk vel** og jókst velta um 15,2% milli ára. **Jólaverslun** var umfram væntingar. Afkoma fjórðungs var lítillega undir fyrra ári en heldur hærri að teknu tilliti til einkisþíslu.
- **Heimsóknum í verslanir fjölga áfram** á milli ára en **seldum stykkjum fjölgaði** einnig nokkuð á fjórðungnum. **Magnaukning í eldsneytislítrum** á 4F er rúm 52%.
- **Framlegð í krónum talið hækkar** milli ára en **framlegðarhlutfallið lækkar** nokkuð, einkum vegna aukinnar sölu eldsneytis til stórnotenda og hækkunar á heimsmarkaðsverði.
- **Lenging afgreiðslutíma verslana Bónus** hefur skilað sér í fjölgun viðskiptavina og veltuaukningu. **Viðskiptavinir eru ánægðir með breytinguna.**
- **Verð á aðföngum hefur hækkað töluvert** undanfarin misseri vegna hnökra í framleiðslu og aðfangakeðju, bæði **vegna eftirstöðva COVID-19 faraldursins og vegna afleiðinga stríðsátaka í Úkraínu.**
- Í mars 2022 undirrituðu Hagar samning um kaup á öllu hlutafé Eldum rétt ehf. Kaupin eru háð samþykki SE.
- Enn er beðið niðurstöðu SE varðandi kaup Haga á 1/3 hlutafjár í Klasa ehf.
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2022/23 gerir ráð fyrir að EBITDA verði 9.900-10.400 m.kr. sem er svipað eða heldur umfram afkomu síðastliðins rekstrarárs, að teknu tilliti til söluhagnaðar rekstrareininga fyrra árs.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Starfsemi Haga á síðasta fjórðungi rekstrarársins 2021/22 gekk vel og einkenndist af áframhaldandi kröftugri tekjuaukningu og góðri afkomu. Vörusala nam 35,3 ma. kr., sem er aukning um ríflega 15% frá fyrra rekstrarári. EBITDA nam 2.442 m.kr og hagnaður var 724 m.kr., sem er nokkuð umfram áætlanir stjórnenda.

Niðurstaða fjórðungsins er ánægjulegur lokahnykkur á gott rekstrarár Haga, þar sem tekjur ársins námu 135,8 ma. kr., EBITDA 10,5 ma. kr. og hagnaður 4,0 ma. kr., sem er umtalsverð aukning frá fyrra rekstrarári. Við erum ánægð með rekstur félagsins á fjórðungnum og á árinu í heild, en afkoma allra stærstu rekstrareininga Haga, þ.e. Bónus, Hagkaup og Olís, batnaði á milli ára.

Þegar horft er til afkomu rekstrareininga samstæðunnar munar mestu um nauðsynlegar breytingar í rekstri og áherslum hjá Olís, en þar jukust tekjur og framlegð mikið á meðan rekstrarkostnaður stóð í stað. Árangur á kostnaðarhliðinni er tilkominn vegna fækkunar stöðugilda og lægri launakostnaðar í kjölfar markvissrar aðlögunar á þjónustuframboði og rekstri þjónustustöðva, hagræðingar í útibúaneti og lokunar á óarðbærum einingum. Framlegð vörusölu hjá Olís hélt áfram að aukast í fjórðungnum í takti við aukið magn, en lækkar þó hlutfallslega vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði olíu og mikillar söluaukningar til stórnotenda.

Í hagræðingarvinnu Olís hefur verið lagður grunnur að frekari umbreytingu smásöluviðs, en hún lítur dagsins ljós á næstunni, með uppfærslu á vörumerki, nýrri ásýnd þjónustustöðva og breikkun vöruframboðs. Samhliða þessum breytingum hefur á síðustu mánuðum verið unnið að því að einfalda sölu- og aðfangaskipulag gagnvart stórnotendum sem gert er ráð fyrir að skili sér í frekara rekstrarhagræði og aðlagðri en um leið betri þjónustu við viðskiptavinum á landsbyggðinni. Sala á hreinlætis-, rekstrar- og heilbrigðisvörum verður í næsta mánuði færð úr Olís í nýja söluveitingu, Stórkaup, sem mun sækja fram á grunni sterkra innkaupa- og vöruhúsainnviða Haga og breiðara vöruframboði fyrir stórnotendur.

Tekjur af dagvörusölu, í Bónus og Hagkaup, jukust um 6% á fjórðungnum, en fleiri heimsóttu verslanir Haga samanborið við sama tímabil á fyrra ári og seldum stykkjum fjölgaði. Hér munar um mikla jólaverslun og hversu vel viðskiptavinir hafi tekið í lengri opnunartíma hjá Bónus frá því í nóvember, komið oftar og verslað meira. Þessi aukna aðsókn vegur upp væntan samdrátt vegna þess að mun fleiri landsmenn lögðu land undir fót og dvöldu erlendis síðustu mánuði heldur en þegar COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst. Hluta tekjuaukningar má rekja til hækkunar á vöruverði en verð á aðföngum frá framleiðendum og birgjum hélt áfram að hækka á fjórðungnum, einkum vegna hnökra í framleiðslu og aðfangakeðjum sem rekja má til COVID-19. Gera má ráð fyrir að stríðsátök í Úkraínu komi til með að auka enn frekar á þau vandamál sem valdið hafa verðhækkun á matvöru að undanförmu.

Á fjórðungnum voru stigin frekari skref í að laga starfsemi Haga að breyttum stefnumótandi áherslum, auka fókus á skilgreinda kjarnastarfsemi, efla tengingu við viðskiptavinum og treysta sérstöðu vörumerkja Haga. Stafræn vegferð Haga og dótturfélaga, sem hófst á haustmánuðum, skilaði nýrri netverslun Hagkaups með snyrtivöru auk þess sem lokið var við smíði netverslunar fyrir nýja rekstrareiningu Stórkaups. Hvoru tveggja myndar grunn fyrir önnur stafræn verkefni sem munu skila auknu hagræði og bættri þjónustu við viðskiptavinum á næstu mánuðum. Hagar undirrituðu samning um kaup á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf. en kaupin eru liður í því að bregðast við breyttum neysluvenjum í samfélaginu, þar sem aukin áhersla er á hollar en einfaldar lausnir sem spara spor og tíma í amstri dagsins. Vörur og þjónusta Eldum rétt falla vel að þessum áherslum og er ákjósanleg viðbót við starfsemi Haga. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Heilt yfir þá gekk starfsemi Haga vel á síðastliðnu rekstrarári. Skilvirkni rekstrar hefur aukist jafnt og þétt og allar helstu kennitölur hafa styrkst í síðustu uppgjörum. Þessa styrkingu má að hluta rekja til aukinnar innlendrar eftirspurnar en ekki síður er hún merki um að fjölmörg umbótaverkefni frá haustmánuðum 2020 skila nú beinum rekstrarlegum ávinningi.

Á síðasta ári voru stigin mikilvæg stefnumótandi skref sem munu hafa áhrif á rekstur og afkomu Haga til lengri tíma. Þar má nefna aðgerðir til að auka áherslu stjórnenda á kjarnastarfsemi Haga, þ.e. rekstri á dagvöru- og eldsneytismarkaði, eins og sölu á Útilíf og Reykjavíkurl Apóteki. Hagar keyptu svo hlutafé í Klasa ehf. til að hraða uppbyggingu þróunareigna Haga og gera hagkvæmari. Stafrænar áherslur munu til framtíðar bæta skilvirkni í rekstri og efla þjónustu gagnvart viðskiptavinum, m.a. með auknu framboði og bættu aðgengi að vörum og

þjónustu. Vinna við að skerpa á og aðlaga vörumerki dótturfélaga Haga á neytendamarkaði skilar sér yfir lengri tíma í aukinni eftirspurn, og stofnun Stórkaups og aukin þjónusta við rekstraraðila, hótél og veitingageira er mikilvægt skref inn á vaxandi markað sem Hagar munu nú sinna enn betur. Við höfum þessu til viðbótar styrkt jákvætt samfélagsspor okkar, t.a.m. með bættri frammistöðu í umhverfis- og sjálfbærnimálum, stuðningi við frumkvöðlastarf í matvælaframleiðslu og aðstoð við góð málefni.

Síðastliðið rekstrarár var um margt sögulegt hjá Högum. Vörusala í Bónus hefur ekki áður verið meiri, nú umfram 64 ma. kr., Hagkaup skilaði bestu rekstrarniðurstöðu í sögu félagsins og Olís átti gott rekstrarár á sama tíma og félagið gekk í gegnum afgerandi breytingar, bæði í mönnun og skipulagi. Þessi árangur verður til fyrir vinnu öflugss hóp starfsfólks þessara félaga, ásamt kollegum í Banönum, Aðföngum og Zara, sem hefur á undanförunum árum staðið vaktina af einstakri fagmennsku og dugnaði. Síðastliðið ár var þar engin undantekning og má miðað við aðstæður telja það nokkuð þrekvirki að tekist hafi að viðhalda fullu vöruframboði og það gert á eins hagkvæman hátt og raun ber vitni.

Hagar búa að sterkri fjárhagsstöðu sem gerir félaginu kleift að fylgja eftir nýjum áherslum í rekstri og tengdum verkefnum til skemmri og lengri tíma. Framundan eru hins vegar óvenjulegir tímar þar sem búast má við frekari hækkunum á aðföngum vegna farsóttar og stríðsátaka, en um leið eru aðrir þættir sem gætu stuðlað að styrkingu gengis, m.a. væntur aukinn ferðamannastraumur. Heilt yfir eru horfur í rekstri Haga í þessum óvenjulegu kringumstæðum góðar, en meginverkefni okkar í verslun verður að tryggja framboð á nauðsynlegri dagvöru, um leið og lögð verður sérstök áhersla á hagkvæmni í innkaupum og rekstri, m.a. til að veða upp á móti verðhækkunum á matvöru sem nú gætir í heiminum öllum. Markmið okkar er áfram það sama og verður sífellt mikilvægara, að efla hag viðskiptavina okkar með því að gera verslun sem hagkvæmasta, en um leið þægilega og skemmtilega.

Spá stjórnenda um afkomu gerir ráð fyrir að EBITDA samstæðunnar á næsta rekstrarári verði á bilinu 9.900 – 10.400 m.kr. sem er svipað eða heldur umfram afkomu síðastliðins rekstrarárs ef tekið er tillit til hagnaðar af sölu rekstrareininga á því tímabili.

Rekstrarreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	4F 2021/22		4F 2020/21		12M 2021/22		12M 2020/21	
	01.12-28.02	01.12-28.02	Breyting	%	01.03-28.02	01.03-28.02	Breyting	%
Vörusala	35.288	30.630	4.658	15,2%	135.758	119.582	16.176	13,5%
Kostnaðarverð seldra vara	(27.996)	(23.606)	(4.390)	18,6%	(107.317)	(93.067)	(14.250)	15,3%
Framlegð	7.292	7.024	268	3,8%	28.441	26.515	1.926	7,3%
Framlegð %	20,7%	22,9%	-	-2,3%	20,9%	22,2%	-	-1,2%
Aðrar rekstrartekjur	171	130	41	31,5%	874	409	465	113,7%
Laun og launatengd gjöld	(3.428)	(3.275)	(153)	4,7%	(12.992)	(12.812)	(180)	1,4%
Annar rekstrarkostnaður	(1.593)	(1.337)	(256)	19,1%	(5.805)	(5.307)	(498)	9,4%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	2.442	2.542	(100)	-3,9%	10.518	8.805	1.713	19,5%
EBITDA %	6,9%	8,3%	-	-1,4%	7,7%	7,4%	-	0,4%
Afskriftir	(1.234)	(1.128)	(106)	9,4%	(4.241)	(4.258)	17	-0,4%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.208	1.414	(206)	-14,6%	6.277	4.547	1.730	38,0%
Hrein fjármagnsgjöld	(399)	(322)	(77)	23,9%	(1.503)	(1.553)	50	-3,2%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	65	(25)	90	-360,0%	209	125	84	67,2%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	874	1.067	(193)	-18,1%	4.983	3.119	1.864	59,8%
Tekjuskattur	(150)	(221)	71	-32,1%	(982)	(600)	(382)	63,7%
Heildarhagnaður	724	846	(122)	-14,4%	4.001	2.519	1.482	58,8%
Skipting hagnaðar								
Hlutdeild móðurfélags	724	846	(122)	-14,4%	3.991	2.522	1.469	58,2%
Hlutdeild minnihluta	--	--	--	-	10	(3)	13	-
	724	846	(122)	-14,4%	4.001	2.519	1.482	58,8%

Rekstur ársins 2021/22

Vörusala ársins nam 135.758 m.kr., samanborið við 119.582 m.kr. árið áður. Söluaukning milli ára nam 13,5%. Söluaukning verslana og vöruhúsa nam 4,9% og söluaukning hjá Olís nam 38,1%.

Framlegð samstæðunnar var 28.441 m.kr., samanborið við 26.515 m.kr. árið áður eða 20,9% framlegðarhlutfall í samanburði við 22,2% árið áður.

Meðal annarra rekstrartekna er hagnaður af sölu Reykjavíkur Apóteks ehf. og sölu eigna Útilífs en hann nam samtals 349 m.kr. á árinu.

Launakostnaður hækkaði um 1,4% milli ára en hagræðingaraðgerðir hjá Olís hafa skilað góðum árangri. Ársverkum hjá samstæðunni hefur fækkað um 38 milli ára, ef frá er talin fækkun vegna seldra rekstrareininga. Þá hefur tímanotkun minnkað um 2,3% milli ára.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 9,4% milli ára en kostnaðarhlutfallið er 4,3% í samanburði við 4,4% árið áður. Hærrí rekstrarkostnaður skýrist m.a. af stefnumótun, vörumerkjavinnu, vísitölu-tengdum kostnaði o.fl.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 10.518 m.kr., samanborið við 8.805 m.kr. árið áður. EBITDA-hlutfall var 7,7%,

samanborið við 7,4% árið áður. EBITDA verslana og vöruhúsa hækkar um 14,4% milli ára og EBITDA Olís hækkar um 49,1%.

Heildarhagnaður tímabilsins nam 4.001 m.kr., sem jafngildir 2,9% af veltu en heildarhagnaður á fyrra ári var 2.519 m.kr. eða 2,1% af veltu.

Lykiltölur á 4. ársfjórðungi

- Vörusala 4F jókst um 15,2% milli ára. Fjöldi seldra stykkja í matvöruverslunum jókst um 2,5% og heimsóknum viðskiptavina fjölgaði um 6,9%. Meðalkarfa stóð í stað á fjórðungnum. Magnaukning 4F í eldsneytisliðrum hjá Olís var rúm 52% milli ára.
- Framlegð 4F í krónum talið jókst um 3,8% milli ára en framlegðarhlutfall lækkaði úr 22,9% í 20,7%. Megin skýringar á lægra framlegðarhlutfalli eru í eldsneytishluta samstæðunnar, vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs og breyttrar samsetningar viðskiptavina, þ.e. hlutfallslega meiri sölu til stórnotenda.
- Launa- og kostnaðarhlutfall 4F var 14,2% en var 15,1% á fyrra ári.
- EBITDA 4F var 2.442 m.kr. og lækkar um 3,9% frá fyrra ári. EBITDA-hlutfall var 6,9% en var 8,3% á fyrra ári.
- Heildarhagnaður 4F lækkar um 14,4% á milli ára.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	28.02.2022	28.02.2021	Breyting	%
Eignir				
Fastafjármunir	45.064	47.816	(2.752)	-5,8%
Veltufjármunir	17.740	13.832	3.908	28,3%
Eignir til sölu	2.388	--	2.388	-
Eignir samtals	65.192	61.648	3.544	5,7%
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé	1.139	1.154	(15)	-1,3%
Annað eigið fé	25.587	24.035	1.552	6,5%
Samtals	26.726	25.189	1.537	6,1%
Hlutdeild minnihluta	--	(2)	2	-100,0%
Eigið fé samtals	26.726	25.187	1.539	6,1%
Langtímaskuldir	20.950	18.592	2.358	12,7%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	451	2.957	(2.506)	-84,7%
Skuldir við lánastofnanir	--	601	(601)	-100,0%
Aðrar skammtímaskuldir	17.065	14.311	2.754	19,2%
Skuldir samtals	38.466	36.461	2.005	5,5%
Eigið fé og skuldir samtals	65.192	61.648	3.544	5,7%

Lykiltölur efnahags 28.02.2022

- Heildareignir samstæðunnar í lok árs námu 65.192 m.kr. og hækkuðu um 3.544 m.kr. frá árslokum 2020/21.
- Fastafjármunir voru 45.064 m.kr. og lækkuðu um 2.752 m.kr. frá árslokum, sem skýrist einkum af endurflokkun eigna sem afhentar verða Klasa sem greiðsla fyrir hlutafé í félaginu. Fjárfesting í áhöldum og innréttingum nam 1.651 m.kr. á árinu.
- Veltufjármunir, að meðtöldum eignum til sölu, voru 20.128 m.kr. og hækkuðu um 6.296 m.kr. frá árslokum 2020/21.
- Birgðir í lok árs voru 10.707 m.kr. og veltuhraði birgða 11,0. Birgðir hafa hækkað um 1.916 m.kr. milli ára en hækkun birgða má að mestu leyti rekja til hærri öryggisbirgða í matvöru og hærri eldsneytisbirgða, sem orsakast af töluvert herra eldsneytisverði og meiri umsvifum. Veltuhraði birgða á fyrra ári var 10,8.
- Viðskiptakröfur hækka um 1.597 m.kr. milli ára og er innheimtutími viðskiptakrafna nú 11,7 dagar samanborið við 10,3 daga á fyrra ári. Viðskiptakröfur hækka einkum vegna meiri umsvifa stórnotenda hjá Olís.
- Veltufjárhlutfall er 1,15 og lausafjárhlutfall 0,54 í lok árs. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 6,2 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður.
- Eigið fé í lok tímabilsins var 26.726 m.kr. og eiginfjárhlutfall 41,0%. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 15,9%. Eiginfjárhlutfall við lok síðasta rekstrarárs var 40,9% og arðsemi eigin fjár 10,2%. Félagið átti 14,9 millj. eigin hluti í lok rekstrarárs.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok árs voru 38.466 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi skuldir 12.171 m.kr. og leiguskuldir 8.884 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 20.272 m.kr. eða 1,9 x 12 mánaða EBITDA. Nettó vaxtaberandi skuldir, án leiguskulda, voru 1,1 x 12 mánaða EBITDA.
- Óverðtryggður skuldabréfaflokkur, HAGA181024, að upphæð 2.500 m.kr. var gefinn út í október 2021 til endurfjármögnunar á skuldabréfaflokki HAGA181021. Skuldabréfaflokkurinn er til 3ja ára en bréfin eru vaxtagreiðslubríf með gjalddaga tvisvar á ári og bera 3,72% fasta vexti. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland þann 29. desember 2021.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	4F 2021/22		4F 2020/21		12M 2021/22		12M 2020/21	
	01.12-28.02	01.12-28.02	Breyting	%	01.03-28.02	01.03-28.02	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	376	696	(320)	-46,0%	7.411	6.627	784	11,8%
Fjárfestingarhreyfingar	(643)	(657)	14	-2,1%	(1.864)	(3.591)	1.727	-48,1%
Fjármögnunarhreyfingar	(1.006)	(1.024)	18	-1,8%	(5.152)	(4.880)	(272)	5,6%
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.273)	(985)	(288)	29,2%	395	(1.844)	2.239	-121,4%
Handbært fé í byrjun tímabils	2.056	1.373	683	49,7%	388	2.232	(1.844)	-82,6%
Handbært fé í lok tímabils	783	388	395	101,8%	783	388	395	101,8%

Sjóðstreymi rekstrarársins 2021/22

- Handbært fé frá rekstri á árinu nam 7.411 m.kr., samanborið við 6.627 m.kr. á fyrra ári en breytingu á milli ára má fyrst og fremst rekja til betri afkomu samstæðunnar.
- Fjárfestingarhreyfingar ársins voru 1.864 m.kr., samanborið við 3.591 m.kr. á fyrra ári. Fjárfesting ársins í fasteignum nam 129 m.kr. samanborið við 1.835 m.kr. á fyrra ári þegar m.a. nýtt kæli- og frystivöruhús Aðfanga var tekið í notkun. Fjárfesting í áhöldum og innréttingum á árinu nam 1.651 m.kr. sem var að stærstum hluta vegna endurnýjunar Bónus og Hagkaupsverslana. Á fyrra ári nam fjárfesting í áhöldum og innréttingum 2.040 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins voru 5.152 m.kr., samanborið við 4.880 m.kr. á fyrra ári. Í júní 2021 var greiddur 1,27 kr. arður á hlut til hluthafa, samtals að fjárhæð 1.466 m.kr. Til samanburðar var enginn arður greiddur á rekstrarárinu 2020/21.

Staðan og framtíðarhorfur

Undanfarin tvö rekstrarár hefur COVID-19 heimsfaraldurinn haft töluverð áhrif á Haga og dótturfélög, en starfsemin hefur litast af aðgerðum til að takmarka neikvæðar afleiðingar faraldursins og tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Áhrif faraldursins hafa frekar verið jákvæð á rekstur dagvöruhlaða samstæðunnar þar sem velta og afkoma hafa heldur aukist. Áhrif á rekstur í eldsneytishluta samstæðunnar hafa hins vegar frekar verið neikvæð, þá sér í lagi á fyrsta ársfjórðungi síðasta rekstrarárs, en velta og afkoma er nú farin að nálgast það sem vænta má í eðlilegra árferði. Vegna ýmissa hnökra í framleiðslu matvöru og í aðfangakeðju þá hefur verið á aðföngum í starfsemi Haga hækkað töluvert á undanförunum misserum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi verðhækkunum, bæði vegna eftirstöðva COVID-19 faraldursins og einnig vegna afleiðinga stríðsátaka í Úkraínu sem hófust í febrúar 2022.

Í ljósi aðstæðna þá gekk rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2021/22 vel. Samanburður við fyrsta ársfjórðung síðasta rekstrarárs var hagstæður þar sem sá ársfjórðungur varð fyrir höggi þegar gengisfall íslensku krónunnar og lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu höfðu mikil áhrif á afkomu Olís og Haga. Rekstrarniðurstaða annars ársfjórðungs var umfram áætlanir og nokkuð betri en á síðasta ári sem m.a. má rekja til sölu eigna tengt rekstri Útilífs. Rekstur á þriðja ársfjórðungi gekk vel með heildarveltu og afkomu töluvert umfram áætlanir og síðasta ár. Rekstur á fjórða ársfjórðungi gekk einnig vel með veltu nokkuð umfram veltu síðasta árs en afkoman var aðeins lakari.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið sem nú er liðið gerði ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) yrði 10.000-10.500 millj. kr., að meðtöldum hagnaði af sölu rekstrareininga. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 10.518 millj. kr. og er því lítillega umfram útgefna áætlun en EBITDA að frádregnum fyrrnefndum söluhagnaði nam 10.169 millj. kr.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2022/23 sem nú var að hefjast gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 9.900-10.400 millj. kr., sem er að teknu tilliti til einskiptisliða vegna sölu rekstrareininga svipuð eða heldur umfram afkomu síðastliðins rekstrarárs. Fjárfestingaráætlun ársins 2022/23 nemur 4,0 ma. kr. en stærstu liðir eru vegna fjárfestinga í fasteignum, stafrænni þróun og upplýsingatækni ásamt

endurnýjun verslana og þjónustustöðva. Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið til að takast á við krefjandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er tryggð til langs tíma og er aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. einnig tryggður.

Í mars 2022 náðu Hagar samkomulagi við eigendur Eldum rétt ehf. um kaup Haga á öllu hlutafé Eldum rétt. Eldum rétt sérhæfir sig í gerð matarpakka sem viðskiptavinir geta pantað á netinu en í hverri viku geta viðskiptavinir valið á milli nýrra uppskrifta. Eldum rétt var stofnað árið 2013 en stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins hafa skapað sterkt vörumerki á skömmum tíma. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem ekki liggur fyrir við undirritun ársreikningsins.

Hlutafé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 83,1 ma. kr. og lokaverð þann 28. febrúar 2022 var 72,0 kr./hlut.
- Skráð hlutafé Haga í lok tímabilsins nam 1.154 m.kr. Félagið átti 14,9 millj. eigin hluti í lok árs.
- Þann 3. júní 2021 samþykkti aðalfundur að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 m.kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 5. júlí 2021 og lækkaði hlutfé Haga því úr 1.181 m.kr. að nafnverði í 1.154 m.kr. að nafnverði.
- Aðalfundur samþykkti einnig að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðins árs sem nam 1,27 krónum á hlut eða 1.466 m.kr. Arðurinn var greiddur þann 16. júní 2021.
- Stjórn Haga hefur á grundvelli samþykktar aðalfundar frá 3. júní 2021 sett í gang tvær endurkaupaáætlanir á rekstrarárinu, í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Þeim er nú báðum lokið en fjárhæð endurkaupanna nam 1.000 m.kr. eða 14,9 millj. hluta. Þá hefur auk þess ein endurkaupaáætlun verið kláruð frá lokum rekstrarárs, að fjárhæð 500 m.kr. og eiga Hagar nú 21,6 millj. eigin hluti.
- Stjórn Haga mun leggja til á aðalfundi félagsins þann 1. júní nk. að greiddur verði 2,00 kr. arður á hlut til hluthafa á árinu 2022, samtals um 2.265 m.kr. eða sem nemur 56,8% af heildarhagnaði ársins.
- Hluthafar voru 784 í byrjun rekstrarárs og 986 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 75,1% eignarhlut í félaginu í lok árs en sömu hluthafar áttu 70,45% í félaginu í lok árs 2020/21.

Kynningarfundur föstudaginn 29. apríl 2022

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Nauthól, Nauthólsvegi 106 í Reykjavík, föstudaginn 29. apríl kl. 08:30. Þar mun Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna rekstur og afkomu félagsins, ásamt því að svara fyrirspurnum.

Fundinum verður auk þess varpað í gegnum netið hér: <https://www.hagar.is/skraning>

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2022/23

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
Aðalfundur 2022	Miðvikudagur	1. júní 2022
1F – 1. mars til 31. maí	Fimmtudagur	30. júní 2022
2F – 1. mars til 31. ágúst	Miðvikudagur	19. október 2022
3F – 1. mars til 30. nóvember	Miðvikudagur	11. janúar 2023
4F – 1. mars til 28. febrúar	Fimmtudagur	27. apríl 2023
Aðalfundur 2023	Fimmtudagur	1. júní 2023

Fréttatilkynning þessi og uppgjörsgögn verða aðgengileg á ensku þann 2. maí á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on May 2nd at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is) og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
